LANDSPÍTALI

Aftöppun blóðs

Hvað er aftöppun blóðs?

Aftöppun blóðs (venesectio) er meðferð þar sem tekið er blóð úr líkamanum til að:

- Draga úr **blóðmagni** svo að blóðið verði ekki of þykkt.
- Halda **hlutfalli rauðra blóðkorna** í blóðinu innan æskilegra marka.
- Fjarlægja **of mikið járn úr líkamanum**.

Hvernig fer blóðaftöppun fram?

- Drekka þarf vel og borða létta máltíð áður en komið er í aftöppun blóðs.
- Setið er í meðferðarstól eða legið í rúmi á meðan aftöppun fer fram.
- Nál er stungið í bláæð í handlegg og blóðinu safnað í áfastan poka.
- Algengt er að tappa af **um 450 ml í hvert skipti**.
- Sjálf aftöppunin tekur um **30 mínútur** en heimsóknin í heild um **60 mínútur**.

Hvers þarf að gæta eftir blóðaftöppun?

- Vera undir eftirliti á staðnum í **minnst 15 mínútur** eftir aftöppun.
- Standa hægt upp af því sumir finna fyrir **svima**, sem er eðlilegt.
- **Drekka vel**, til dæmis vatn eða djús, til að bæta upp vökvatap.
- **Hafa umbúðir yfir stungustað** í minnst 6–12 klukkustundir.
- Hlífa handlegg fyrstu klukkustundirnar og **ekki lyfta þungu**.
- Óhætt er að sinna daglegum athöfnum og létt störf en forðast þarf líkamlegt erfiði sama dag.

Má búast við aukaverkunum?

Vægar aukaverkanir geta komið fram. **Þær helstu eru:** Svimi, marblettir, eymsli eða verkur í handlegg, staðbundin húðerting eða ofnæmi, almenn vanlíðan eða þreyta.

- Óþægindi eða eymsli við stungustaðinn geta varað í smá stund, en sársaukinn er yfirleitt lítill.

Sjaldgæfari aukaverkanir eru: Yfirlið, bláæðabólga, sýking á stungustað, taugaskaði.

Hversu oft þarf blóðaftappanir?

- Fer eftir ástæðu aftöppunar og æskilegum blóðgildum.
- Í byrjun eru oft um tvær vikur á milli aftappana, síðan á 3–4 mánaða fresti.

Hvenær á að hafa samband við heilbrigðisstarfsfólk?

Hafðu samband við staðinn þar sem aftöppun fer fram á dagvinnutíma en í símaráðgjöf 1770 þess utan ef:

- Blæðing er mikil eða marblettur stækkar.
- Mikill sársauki eða roði er á stungustað.
- Hiti er hærri en venjulega eða önnur einkenni sýkingar koma fram í kjölfar aftöppunar.
- Svimi líður ekki hjá við að drekka vel.

Að lokum

Kynntu þér hvenær næsta blóðrannsókn er og tímasetningu næstu aftöppunar. Ekki hika við að spyrja heilbrigðisstarfsfólk sem annast aftöppunina ef eitthvað er óljóst.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI – MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-1366 ÁBYRGÐARMENN: DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR DAG- OG GÖNGUDEILDAR BLÓÐ- OG KRABBAMEINSLÆKNINGA HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA

Sjúklingafræðsla | September 2026

© Landspítali. Leyfilegt er að afrita og nota efnið óbreytt, sé heimildar getið.